

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn stjórnar Bókasafnssjóðar höfunda um frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira, þskj. 776, 513. mál.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda hefur kynnt sér framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemd við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins sem að sjóðnum lýtur.

Stjórn Bókasafnssjóðar bendir á að ákvæði 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins sé í hróplegu ósamræmi við markmið þau sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins. Er vandséð hvernig nálgast megi það markmið frumvarpsins að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og búa íslenskri bókamenningu hagstæð skilyrði, með því að veita erlendum aðilum rétt til greiðslna fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum, eins og ákvæðið gerir ráð fyrir.

Verður ekki séð af frumvarpinu að ætlunin sé að auka fjármagn til sjóðsins enda þótt umsækjendum muni fjölga stórkostlega nái frumvarpið fram að ganga. Mun það væntanlega hafa í för með sér að íslenskir höfundar fái minna í sinn hlut af úthlutunum sjóðsins og því markmiði laganna ekki náð. Þá má ætla að rekstrarkostnaður sjóðsins muni stóraukast og því minna fé til úthlutunar til höfunda einnig af þeim sökum.


Fram kemur af almennum athugasemdum við frumvarpið að ekki liggi fyrir niðurstöður í dómsmálum gegn dönskum og sænskum stjórnvöldum varðandi það hvort tungumálaskilyrði þarlendra laga um greiðslur til réttihafa feli í sér mismunun gagnvart öðrum EES-rikisborgurum. Að mati stjórnar Bókasafnssjóðar höfunda ber að bíða eftir þeim niðurstöðum áður en ráðist er í breytingar eins og 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins felur í sér. Verði það niðurstaða í dómsmálunum að löggjöf þessara landa feli í sér brot telur stjórnin rétt að fylgst verði vandlega með viðbrögðum stjórnvalda í þessum löndum áður en gripið er til lagabreytinga hérlendis og samvinna höfð við ríki sem eru í sambærilegri aðstöðu.

Telur stjórn Bókasafnssjóðs höfunda að skilgreina eigi úthlutun úr sjóðnum sem menningarstyrki og að rétt til þessa eigi eingöngu höfundar sem skrifi á íslenska tungu eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Finna beri leiðir til að haga löggjöf þannig að því markmiði verði náð, verði á annað borð ákveðið að gera breytingar á núgildandi lögum um Bókasafnssjóð höfunda, og haldið þannig í skilyrðið um að rit komi út á íslensku.

Að auki gerir stjórnarmaðurinn Þórunn María Jónsdóttir, sem tilnefnd er af hálfu Myndstefs, sérstaka athugasemd við 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um skipan stjórnar sjóðsins. Telur hún þá skipan að myndhöfundar eigi engan fulltrúa í stjórn fela í sér fullkomið skilningsleysi Menntamálaráðuneytis gagnvart þýðingu myndefnis í bókaútgáfu.

Reykjavík 28. febrúar 2007

f.h. stjórnar Bókasafnssjóðar höfunda


Valborg P. Snævarr, formaður.